

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýrslur um hag styrktarsjóða 113
handa alþýðufólki. (Ágrip). — Með brjefi þessu var lagt svo fyrir, að allir sýslu- 21. sept.
 menn skyldu árlega leggja fyrir sýslunefndirnar til athugunar skýrslur þær um
 hag styrktarsjóða handa alþýðufólki í öllum hreppum sýslu hveurrar, er um
 ræðir í 8. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1890, þannig að þess sje getið í gjörðabókum
 nefndanna, svo að sjáist, bæði ef skýrslur hefur vantað og ef eitthvað hefur
 fundizt athugavert við framkomnar skýrslur. Svo var og fyrirskipað, að hlut-
 aðeigandi amtsráð skuli, þegar þau yfirfara eptirritin af gjörðabókum sýslunefnd-
 anna, hafa eptirlit með, að heimtað verði það, er vanta kann af skýrslum, og
 að hreppunum sje haldið til þess, að framfylgja ákvæðum ofannefndra laga.

Brjef landshöfðingja til N. N. um kosningu þjóðkirkjuprests til utanþjóð- 114
kirkjuprests. — Þjer hafid ásamt nokkrum öðrum heimilisfeðrum og húsráðend- 21. sept.
 um í N. prestakalli ritað mjer brjef, dags. í júlím. þ. á., þar sem þjer tjáist
 segja yður úr þjóðkirkjunni og kveðizt hafa gjört samning við og kosið ná-
 granna prestinn, síra N. N. til að vera prest yðar (brjefritendanna) framvegis,
 og sjá fyrir andlegum þörfum yðar. Jafnframt hafid þjer gjört þá fyrirspurn,
 hvort þjer þurfið að leita kgl. staðfestingar á kosningu síra N. N., er muni halda
 áfram að vera þjóðkirkjuprestur eins og hann hefur verið, og þjóna eins presta-
 kalli sínu eptir sem áður.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjád, yður til leiðbein-
 ingar og til þess að þjer gjörið það kunnugt hinum öðrum brjefritendum, er
 ekki verður svarað á annan hátt, að það kemur ekki til mála að síra N. N.
 geti verið hvort tveggja, bæði þjóðkirkjuprestur og utanþjóðkirkjuprestur í einu.
 Til þess að geta hlýtt kosningu yðar verður hann að afsala sjer embætti sínu
 í þjóðkirkjunni, og þá verður eptir á að fá konunglega staðfestingu á kosningu
 hans, eins og hvers annars prests, er utanþjóðkirkju söfnuður kýs sjer; en vilji
 hann ekki afsala sjer embætti sínu, þá er kosning yðar á honum til utanþjóð-
 kirkjuprests ógild. — Aptur á móti er þeim sóknarmönnum í N. prestakalli, sem
 ekki vilja hlýta þjónustu sóknarprestisins, en æskja þjónustu síra N. N., heimilt
 að taka hann fyrir kjörprest sinn samkvæmt lögum um leysing á sóknarbandi
 12. maí 1882.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um tekjuauka af jörðum, er lagðar 115
hafa verið upp í árgjald frá einu prestakalli til annars. — Í þóknanlegu brjefi, 4. okt.
 dags. 23. f. m., hafid þjer, herra amtmaður og herra biskup, skýrt frá því, að
 presturinn að Völlum í Svartafardal hafi lagt þá spurning undir úrskurð stipts-
 yfirvaldanna, hvort prestinum að Völlum eða prestinum að Kviabekk beri grunn-
 leigur, er nú eru farnar að gjaldast af jörðunum Birnunesi og Selá, sem með
 ráðherrabrjefi 18. apríl 1887 voru lagðar frá Vallaprestakalli til Kviabekkj-
 arprestakalls, en þá voru lóðargjöld þessi ekki til komin, þegar jarðirnar eptir
 þáverandi eptirgjalds-upphæðum voru teknar undan Vallaprestakalli upp í ár-